

Alþingi

Erindi nr. D 121/1507

komudagur 10/14 1997

Á meðfylgjandi blaði eru svör Stefáns Thors við eftirfarandi spurningum:

1. Í 2. málsl. 4. mgr. 4. gr. er mælt fyrir um að hættumat skuli lagt fram sem fylgiskjal með skipulagstillögu. Er þetta eðlilegt í ljósi væntanlegra skipulags- og byggingarlaga, eða væri eðlilegra að mæla fyrir um þetta í skipulagsreglugerð?

2. Eftirfarandi breytingartillaga við 10. gr. var rædd í nefndinni í gær og óskuðu nefndarmenn eftir því að þú gæfir álit þitt á tillögunni.

1. mgr. 10. gr. orðist svo:

Sveitarstjórn gerir tillögu til ofanflóðanefndar að varnarvirkjum fyrir hættusvæði sem þegar hafa verið byggð samkvæmt aðalskipulagi. Eftir að viðurkennd varnarvirki hafa verið reist til að verja byggð er heimilt að meta af bærum aðilum hvort til greina komi að þetta byggð á viðkomandi svæði og þá með hvaða skilyrðum.

Jafnframt er gert ráð fyrir því að ákvæði til bráðabirgða I falli brott.



Skipulag ríkisins
Laugavegi 166, 150-Reykjavík

Sími: 562 41 00

Græn lína: 800 - 61 00

Bréfasími: 562 41 65

Netfang: postmaster@islag.is - Heimasíða: http://www.islag.is

Símbréf

forsíða

Til:	Umhverfisstofndar
b/t:	Áslaugar Árnadóttur
Frá:	Stefáni Thors
Dagsetning:	9. apríl 1997
Bls. (með þessari):	1
Fax númer :	5630610

Mál: Lög um varnir gegn snjóflóðum

Skilaboð:

- Ég tel eðlilegt að mælt sé fyrir um það í lögnum að hættumat skuli lagt fram sem fylgiskjal með skipulagstillögu.
- Ef þar til bærir aðilar eru Veðurstofa Íslands þá tel ég þetta vera í lagi miðað við hlutverk Veðurstofunnar að öðru leyti.
- Ef brottfall bráðbirgðaákvæðis hefur í för með sér að engar nýbyggingar verði heimilaðar á stöðum þar sem búið er við snjóflóðahættu tel ég það vera mjög bagalegt. Ég tel að nauðsynlegt sé að V.Í. og S.r. geti að vandlega athuguðu máli og samkvæmt bráðabirgðareglum sem ráðuneytir setur mælt með afgreiðslu einstakra byggingarleyfisumsókna, enda verði gætt fyllsta öryggis.

Stefán